# Frístundabyggð Hjallabarðs í landi Hjalla

Kjósarhreppur









## 1 Almennar upplýsingar

### 1.1 Staðhættir

Um er að ræða deiliskipulag fyrir svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð F25, Hjalli, skv. samþykktu Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Skipulagssvæðið tekur til um 5,5 ha svæðis. Innan svæðisins eru skipulagðar 7 frístundalóðir og eru þær á bilinu 1249 m² - 9346 m² að stærð. Uppbygging er hafin á fjórum lóðum en þrjár eru óbyggðar. Skipulagssvæðið er í landi Hjalla en það afmarkast af landi Eyja 2 að vestan- og norðanverðu. Svæðið er að mestum hluta á grónum túnum. Umhverfið einkennist af landbúnaðarlandi og frístundabyggðum. Aðkoma að skipulagssvæðinu er um Meðalfellsveg (461), Sandsveg, afleggjari sem liggur að Sandi, og þaðan inn á Hjallabarð.

### 1.2 Markmið og forsendur skipulagsins

Frístundalóðirnar eru allar stofnaðar, en uppbygging er ekki hafin á þremur þeirra. Skipulagsyfirvöld hafa farið fram á að unnið sé deiliskipulag af svæðinu til að áframhaldandi uppbygging geti átt sér stað. Skipulaginu er ætlað að skapa ramma utan um heildstæða frístundabyggð í samræmi við gildandi aðalskipulag.

### 1.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Aðalskipulag

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4.12 2018. Í skipulaginu er svæðið skilgreint sem frístundabyggð (F25) en ekkert deiliskipulag liggur fyrir. Í stefnu aðalskipulags er kveðið á um að nýjar lóðir skuli að jafnaði vera á stærðarbilinu 0,3-1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Heildar byggingarmagn á lóð verði þó ekki meira en 200 m², þar með talið geymslur, gestahús, skúrar og skýli. Mænishæð getur verið að hámarki 6 m m.v. gólfhæð neðstu hæðar. Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag ef frá er talin lágmarksstærð lóða. Allar lóðirnar á svæðinu hafa þegar verið stofnaðar og ná þrjár þeirra ekki lágmarksstærð 3000m² samkvæmt aðalskipulagi, sjá nánar í töflu.

### 1.4 Minjar

Búið er að vinna fornleifaskráningu á svæðinu, samkvæmt henni er enginn minjastaður skráður í eða við skipulagssvæðið. Samanber 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

### 1.5 Vernd

Skipulagssvæðið er innan náttúruminjaskrár vegna Laxár.

### 1.6 Veðurfar og náttúruvá

Engin hætta er á vatns- eða ofanflóðum á skipulagssvæðinu. Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíklegt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta. Samkvæmt Vindatlas Veðurstofu Íslands er suðsuðaustan átt ríkjandi vindátt á skipulagssvæðinu.

## 2 Skipulagsskilmálar

### 2.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagssvæðinu er um Meðalfellsveg (461), Sandsveg og þaðan inn á Hjallabarð. Vegir skulu vera að lágmarki 4.5 metra breiðir og snúningsplan/hamar við enda botnlanga. Vegna brunavarna skulu vegir þola 20 tonna öxulþunga allt árið um kring.

### 2.2 Gróður

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er svæðið nánast alfarið skilgreint sem tún og akurlendi. Lóðarhafa er heimilt að gróðursetja á lóð sinni. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pall nágranna eða hindri útsýni þaðan.

### 2.3 Opið svæði til útivistar

Útivistarsvæði er skilgreint norðan og ofan við byggðina. Innan þess er skilgreindur göngustígur upp á ás og að fossi í Djúpalæk.

### 2.4 Veitur, sorp og öryggismál

**Neysluvatn** kemur úr vatnsbóli í hlíðum Meðalfells sem er að öllu leiti í eigu lóðahafa á svæðinu.
**Hitaveita** er á vegum Kjósarveitna ehf. Lögn veitunnar þverar lóðir Hjallabarðs 2, 3, 4 og 6.
**Rafmagn** er fengið frá dreifikerfi RARIK.
**Ljósleiðari** er á vegum Leiðarljóss ehf.. Lögn veitunnar þverar lóðir Hjallabarðs 2, 3, 4 og 6.
**Fráveita** skal lögð í fráveitukerfi, lóðarhafar geta sameinast um fráveitukerfi, séu öll skilyrði uppfyllt. Fráveitukerfi ásamt siturlögn skal vera innan byggingarreits og sýnt á byggingarleyfisteikningu. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.. Einnig er vísað í samþykkt nr. 183/2007 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi og í leiðbeiningar UST um rotþrær og siturlagnir (2004).
**Sorp,** losun og förgun þess er í samræmi við reglur sveitafélagsins hverju sinni.
**Slökkvivatn** er fengið úr Djúpalæk og Köldukvísl.
**Kvaðir** eru á lóðum Hjallabarðs 2, 3, 4 og 6 er varðar lagnasvæði vegna hitaveitu og ljósleiðara. Breidd svæðis er 6 metrar þ.e. þrír metrar beggja vegna frá legu lagna. Svæðið þarf að vera aðgengilegt til viðgerða á lögnum.

## 3 Byggingarskilmálar

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps. Aðkoma og bílastæði innan lóðar skal útfærð á byggingarleyfisteikningu.

### 3.1 Byggingarreitir

Á hverri lóð er skilgreindur byggingarreitur. Lágmarksfjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum er tíu metrar sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### 3.2 Byggingar

**Byggingarmagn** skal vera í samræmi við töflu í kafla 7.
**Mænishæð** getur verið að hámarki 6 m m.v. gólfhæð neðstu hæðar.
**Byggingarefni** skal vera timbur, að eins miklu leiti og kostur er.
**Vegghæð** er að hámarki 3 m, mælt frá gólfbita að skurðlínu vegggrindar að utan við efri brún sperru.
**Þakgerð** er mænisþak og/eða einhalla þak.
**Þakhalli** skal vera á bilinu 3-45°.
**Mænisstefna** er sýnd á skipulagsuppdrætti. Heimilt er að hafa mænisstefnu 90° á uppgefna stefnu.
**Litaval** skal miða að því að hús falli sem best inn í umhverfið.
**Lýsing** skal miða að því að lýsa útveggi og verandir, en óheimilt er að staðsetja lampa og útiljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgjafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leiti skal hann vera hulinn. Útilýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

## 4 Umhverfisáhrif

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er svæðið nánast alfarið skilgreint sem tún og akurlendi. Ekkert á svæðinu nýtur sérstakrar verndar. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef landsár verða skal lóðarhafi græða jafnóðum upp. Skipulagssvæðið er innan náttúruminjaskrár vegna Laxár.

## 5 Kynning og samráð

Fallið var frá lýsingu, þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og þar sem um er að ræða eldri frístundabyggð sem er að hluta til risin. Deiliskipulagið verður auglýst og einnig kynnt lóðarhöfum innan skipulagssvæðis, íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með opnum degi eða með öðrum hætti í janúar 2023. Umsagnaraðilar eru Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Kjósarveitur ehf., Leiðarljós ehf. og Vegagerðin. Að lokinni auglýsingu verður deiliskipulagið tekið fyrir í hreppsnefnd til samþykktar og má reikna með að það verði í mars 2023. Að lokinni afgreiðslu hreppsnefndar skal senda tillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan þriggja vikna er tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þá deiliskipulagið gildi. Reikna má með að það verði í maí 2023.

## 6 Lög og reglugerðir

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (1223/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012), lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (75/2008), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012) og reglugerð um fráveitur og skólp (798/1999).

## 7 Stærð lóða og byggingarmagn

| Hjallabarð nr. | Stærð lóða. | Leyfilegt byggingarmagn. | Heildar byggingarmagn á lóð ($m^2$). |
|---|---|---|---|
| 1 | 1249 $m^2$ | 37,5 $m^2$ | 34,3 $m^2$ |
| 2 | 2779 $m^2$ | 83,4 $m^2$ | 52,6 $m^2$ |
| 3 | 2700 $m^2$ | 81,0 $m^2$ | 48,24$m^2$ |
| 4 | 3770 $m^2$ | 113,1 $m^2$ | 0 $m^2$ |
| 5 | 9346 $m^2$ | 200,0 $m^2$ | 0 $m^2$ |
| 6 | 7781 $m^2$ | 200,0 $m^2$ | 38,0 $m^2$ |
| 7 | 3547$m^2$ | 106,4 $m^2$ | 0 $m^2$ |

## 8 Heimildir

**Efla hf.**, Steinsholt ehf.. (2018) *Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029.* Kjósarhreppur.
Náttúrufræðistofnun Íslands.(2018). *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.* https://vistgerdakort.ni.is/
Umhverfisstofnun. (2022). *Náttúruminjaskrá.* Umhverfisstofnun | Náttúruminjaskrá (ust.is)
Veðurstofu Íslands. (2022). *Vindatlas.* https://vindatlas.vedur.is/#.
Vegagerðin. (2022). *Vegaskrá 2022. Vegaskrá* | Vegagerðin (vegagerdin.is)

## Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017 -2029




Hluti sveitafélagsuppdráttar — mkv. 1: 50.000

## 9 Hnitaskrá

### 9.1 Lóðir

| Nr. | X | Y |
|---|---|---|
| 1 | 376377.545 | 424957.238 |
| 2 | 376388.767 | 424959.840 |
| 3 | 376386.225 | 424994.761 |
| 4 | 376354.680 | 425009.674 |
| 5 | 376353.962 | 424973.018 |
| 6 | 376351.000 | 424975.000 |
| 7 | 376326.000 | 424940.000 |
| 8 | 376385.398 | 424868.419 |
| 9 | 376372.469 | 424909.938 |
| 10 | 376379.097 | 424924.178 |
| 11 | 376380.001 | 424940.427 |
| 12 | 376402.820 | 424876.319 |
| 13 | 376389.116 | 424898.350 |
| 14 | 376394.379 | 424948.378 |
| 15 | 376407.699 | 424962.551 |
| 16 | 376445.130 | 424902.841 |
| 17 | 376449.527 | 424895.827 |
| 18 | 376489.169 | 424921.143 |
| 19 | 376486.618 | 424953.023 |
| 20 | 376458.581 | 424973.681 |
| 21 | 376397.475 | 424960.979 |
| 22 | 376397.475 | 425004.222 |
| 23 | 376474.093 | 425107.713 |
| 24 | 376526.938 | 425072.262 |
| 25 | 376494.122 | 425033.738 |
| 26 | 376457.308 | 424989.396 |
| 27 | 376499.504 | 424958.827 |
| 28 | 376501.922 | 424959.940 |
| 29 | 376535.477 | 424975.381 |
| 30 | 376537.781 | 424976.441 |
| 31 | 376562.540 | 425010.190 |
| 32 | 376588.028 | 425028.942 |
| 33 | 376569.058 | 424924.671 |
| 34 | 376512.321 | 424889.988 |
| 35 | 376497.622 | 424914.033 |
| 36 | 376503.762 | 424925.354 |

### 9.2 Byggingarreitir

| Nr. | X | Y |
|---|---|---|
| 100 | 376376.225 | 424970.153 |
| 101 | 376376.225 | 424988.428 |
| 102 | 376364.376 | 424994.030 |
| 103 | 376364.067 | 424978.289 |
| 104 | 376364.338 | 424912.127 |
| 105 | 376367.779 | 424951.741 |
| 106 | 376353.500 | 424961.295 |
| 107 | 376338.789 | 424940.700 |
| 108 | 376406.011 | 424890.121 |
| 109 | 376431.345 | 424906.003 |
| 110 | 376415.275 | 424931.639 |
| 111 | 376401.776 | 424923.118 |
| 112 | 376399.420 | 424900.718 |
| 113 | 376461.253 | 424915.180 |
| 114 | 376478.722 | 424926.337 |
| 115 | 376477.014 | 424947.678 |
| 116 | 376456.295 | 424962.944 |
| 117 | 376438.280 | 424951.573 |
| 118 | 376428.861 | 424987.653 |
| 119 | 376445.971 | 424991.395 |
| 120 | 376512.051 | 425070.207 |
| 121 | 376476.450 | 425094.090 |
| 122 | 376408.007 | 425001.642 |
| 123 | 376498.281 | 424969.272 |
| 124 | 376531.249 | 424984.443 |
| 125 | 376566.237 | 425032.135 |
| 126 | 376534.397 | 425054.713 |
| 127 | 376476.246 | 424985.508 |
| 128 | 376524.169 | 424908.951 |
| 129 | 376554.995 | 424927.795 |
| 130 | 376531.872 | 424962.714 |
| 131 | 376512.269 | 424953.693 |
| 132 | 376513.741 | 424926.011 |

### 9.3 Vegir

| Nr. | X | Y |
|---|---|---|
| 200 | 376393.396 | 424982.677 |
| 201 | 376392.333 | 424962.594 |
| 202 | 376391.643 | 424957.594 |
| 203 | 376390.124 | 424952.780 |
| 204 | 376398.960 | 424957.174 |
| 205 | 376389.033 | 424950.125 |
| 206 | 376386.838 | 424943.502 |
| 207 | 376385.587 | 424936.637 |
| 208 | 376383.485 | 424917.686 |
| 209 | 376383.216 | 424910.281 |
| 210 | 376384.044 | 424902.917 |
| 211 | 376385.666 | 424894.309 |
| 212 | 376387.287 | 424885.701 |
| 213 | 376391.697 | 424873.537 |
| 214 | 376399.082 | 424862.911 |
| 215 | 376406.765 | 424854.448 |
| 216 | 376414.076 | 424862.352 |
| 217 | 376418.828 | 424866.858 |
| 218 | 376424.127 | 424870.704 |
| 219 | 376483.138 | 424907.885 |
| 220 | 376491.549 | 424913.185 |
| 221 | 376496.854 | 424918.942 |
| 222 | 376498.536 | 424926.587 |
| 223 | 376496.966 | 424944.158 |
| 224 | 376489.734 | 424943.627 |
| 225 | 376495.845 | 424956.375 |
| 226 | 376555.926 | 424690.130 |
| 227 | 376573.131 | 424681.552 |
| 228 | 376592.030 | 424685.190 |
| 229 | 376818.299 | 424807.206 |
| 230 | 376824.678 | 424809.686 |
| 231 | 376831.470 | 424810.530 |
| 232 | 376856.953 | 424810.530 |
| 233 | 376864.041 | 424809.232 |
| 234 | 376870.209 | 424805.506 |
| 235 | 376965.605 | 424725.376 |
| 236 | 376961.579 | 424717.765 |
| 237 | 377070.123 | 424922.958 |

**AUGLÝSING OG SAMÞYKKT**

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af hreppsnefnd þann __.______ 202_.

____________________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann __. _____ 202_.

Deiliskipulag frístundabyggðar
Í landi Hjalla

landlinur hönnun og skipulag

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:2000 (A2) | 02.12.2022 | d1364-Hjallabarð | d1364-Hjallabarð.dgn | MLÓ |

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA